

Fundargerð 785. fundar

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2011, fimmtudaginn 24. mars kl. 15:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Dagur B. Eggertsson, Óttarr Ólafur Proppé, Guðríður Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Elín R. Línadal, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnlaugur Stefánsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Jórunn Einarsdóttir var í símasambandi frá Vestmannaeyjum. Hanna Birna Kristjánsdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 784. fundar stjórnar sambandsins - 1101002SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 784. fundar frá 25. febrúar 2011.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Landsþing sambandsins 2011 - 1010020SA

Lögð fram dagskrá XXV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt drögum að stefnumörkun sambandsins 2011-2014.

Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá landsþingsins og gerði grein fyrir drögum að stefnumörkun sambandsins 2011-2014 og væntanlegu starfi umræðuhópa á landsþinginu.

Formaður kynnti tillögu að þingforsetum, þingriturum og kjörbréfanefnd á landsþinginu sem stjórnin samþykkti.

3. Fundargerð félagsþjónustunefndar - 0911050SA

Lögð fram fundargerð 7. fundar félagsþjónustunefndar frá 14. mars 2011.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði nánari grein fyrir efni fundargerðarinnar og svaraði fyrirspurnum um leiðbeiningar vegna aksturs fyrir fatlað fólk sem eru á frumstigi.

4. Fundargerð skipulagsmálanefndar - 0910016SA

Lögð fram fundargerð 4. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 21. mars 2011.

5. Fundargerð Jónsmessunefndar - 0409009SA

Lögð fram fundargerð frá fundi Jónsmessunefndar 3. mars 2011.

Formaður gerði nánari grein fyrir fundargerðinni. Jafnframt skýrði formaður frá stöðu viðræðna milli sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla sem vonast er til að ljúki með samkomulagi fljótlega.

6. Framvarp til nýrra umferðarlaga - 0909021SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins, dags. 21. mars 2011, um framvarp til umferðarlaga - 495. mál.

Samþykkt var að fela sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs að hafa samráð við umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar áður en gengið verður endanlega frá umsögninni.

Aldís Hafsteinsdóttir vék af fundi kl. 16:35.

7. Tilfærsla málefna aldraðra - 1103017SA

Lagt fram bréf velferðarráðuneytisins, dags. 16. mars 2011, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á tveimur fulltrúum í nefnd um flutning málefna aldraðra til sveitarfélaga. Bent er á ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í bréfinu kemur einnig fram að ekki sé gert ráð fyrir að greidd verði þóknun fyrir setu í nefndinni.

Samþykkt var að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar og framkvæmdastjóra falið að gera velferðarráðuneytinu grein fyrir þeirri kröfu að fulltrúum í nefndinni verði greidd þóknun fyrir nefndarstörfin auk alls ferðakostnaðar.

8. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 1103005SA

Lagt fram til kynningar bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 28. febrúar 2011, þar sem beðið er um tilnefningu sambandsins á tveimur fulltrúum í ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 21. mars 2011, þar sem tilkynnt er tilnefning Áslaugar Maríu Friðriksdóttur, varaborgarfulltrúa í Reykjavík, og Tryggva Þórhallssonar, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, í nefndina og til vara Harðar Hilmarssonar, skrifstofustjóra fjármála- og reksturs á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og Gyðu Hjartardóttur, félagsþjónustufulltrúa á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

9. Beiðni um tilnefningu í sameinaða nefnd um viðlaga- og brunatryggingu - 1102009SA

Lagt fram til kynningar bréf efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 4. febrúar 2011, þar sem óskað er eftir tilnefningu í nefnd til að fara yfir lagaumhverfi vegna náttúruhamfara (viðlagatryggingar) og hins vegar til að skoða lagaumhverfi brunatrygginga og hvort tilefni væri til að halda í váttryggingarskylduna. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 21. mars 2011, þar sem tilkynnt er tilnefning Margrétar Sigurðardóttur, sveitarstjóra í Flóahreppi, í nefndina og til vara Guðjóns Bragasonar, sviðsstjóra á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

10. Verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð - 1103001SA

Lagt fram bréf velferðarráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2011, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á þremur fulltrúum og þremur til vara í verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 11. mars 2011, þar sem tilkynnt er tilnefning þeirra Bjarkar Vilhelmsdóttur, borgarfulltrúa í Reykjavík, Gyðu Hjartardóttur, félagsþjónustufulltrúa sambandsins, og Jóns Óskars Péturssonar, framkvæmdastjóra SSNV, í nefndina og til vara Áslaugar Maríu Friðriksdóttur, varaborgarfulltrúa í Reykjavík, Tryggva Þórhallssonar, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Grétu Sjafnar Guðmundsdóttur, sveitarstjórnarfulltrúa í Sveitarfélaginu Skagafirði.

11. Umsagnarbeiðni - 386. mál um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála - 1102026SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 3. mars 2011, um frumvarp til laga um Vegagerðina - 386. mál.

12. Umsagnarbeiðni - 385. mál um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála - 1102025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 3. mars 2011, um frumvarp til laga um Farsýsluna - 385. mál.

13. VSK af refa- og minkaveiðum - 164. mál til umsagnar - 1102013SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 28. febrúar 2011, um frumvarp um endurgreiðslur vegna refa- og minkaveiði - 164. mál.

14. Umhverfisábyrgð - 1012040SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 9. mars 2011, um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð - 299. mál.

15. Aðalskipulagstillögur Blönduóssbæjar og Húnavatnshrepps - 0910016SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 16. mars 2011, til umhverfisráðuneytisins um fyrirhugaða staðfestingu aðalskipulagstillagna Blönduóssbæjar og Húnavatnshrepps. Í bréfinu er því harðlega mótmælt að Vegagerðin hafi heimild til þess á grundvelli 2. mgr. 28. gr. vegalaga að grípa inn í skipulagsáform sveitarfélaga.

16. Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 - 1002018SA

Lagt fram afrit af bréfi sveitarstjórnar Flóahrepps, dags. 3. mars 2011, með athugasemdum við ummæli nokkurra alþingismanna og ráðherra sem féllu í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli íslenska ríkisins gegn Flóahreppi vegna aðalskipulags Flóahrepps 2006-2018.

17. Breytingar á CAD reglum, nr. 215/2007 - 1103004SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 21. mars 2011, til fjármálaeftirlitsins um umræðuskjal nr. 2/2011 um drög að reglum um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum.

18. CEMR framkvæmdastjórafundir og policynefndarfundir - 0704133SA

Lögð fram til kynningar fundargerð policy-nefndar CEMR frá 6.-7. desember 2010.

Fundi var slitið kl. 16:55.

Halldór Halldórsson

Dagur B. Eggertsson

Óttarr Ólafur Proppé

Guðríður Arnardóttir

Gunnar Einarsson

Elín R. Líndal

Eiríkur Björn Björgvinsson

Gunnlaugur Stefánsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Jórunn Einarsdóttir

framkvæmdastjóri

ritari